

STJÓRNARTÍÐINDI A 7 — 1962

Nr. 82.

172

1. júní.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa h/f Hval innflutning á hvalveiðiskipi.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Siglingamálaráðherra hefur tjáð oss, að h/f Hvalur eigi nú kost á að kaupa erlendis hvalveiðiskip, sem henti mjög vel til hvalveiða hér við land, en nauðsynlegt sé að endurnýja hvalveiðiskipaflotann, og enn fremur, að þar sem hið umrædda skip sé eldra en 12 ára, en vandkvæðum bundið að kaupa yngri skip til hvalveiða, beri brýna nauðsyn til að heimild sé veitt til innflutnings skipsins, sbr. 35. gr. laga nr. 50/1959.

Vegna þessa gefum vér út bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Ráðherra skal heimilt að leyfa h/f Hval innflutning á einu hvalveiðiskipi, þó eldra sé en 12 ára, sbr. 35. gr. laga nr. 50/1959.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 1. júní 1962.

Ólafur Thors.

Friðjón Skarphéðinsson.

Jónatan Hallvarðsson.

Emil Jónsson.